

Um að anda.

Minningunni um Jón Pétursson lækni, einn af
þeim og merkustu Íslendingum átjándu ald-
ar, tileinka eg grein þessa.

I.

Sú athöfn, sem maðurinn má sízt
láta niður falla, ef hann vill lífi halda,
er að anda. Það er undarlegt að
þurfa að segja þetta, en af ýmsu virði-
st mega ráða, að margir muni ekki,
eða hafi aldrei vitað, að af öllu, sem
líkaminn tekur til sín, er loftið nauð-
synlegast honum til viðhalds. Ýmsir
þeir, sem er þó svo ant um að leita
sér mentunar, munu hafa fremur litinn
hug á að fræðast um þann aðdáanlega
útbúnað, sem er til þess, að blóðið,
þessi alveg sérstaklega merkilegi vökví,
eins og Goethe segir, geti komist sem
næst loftinu, og náð i sig því efni, sem
eg vil nefna fjörgi (oxygenum, súrefni;
nitrogenium mætti nefna kæfi, úr því að
kvef, sem er auðvitað sama sem sánska
orðið Quäfve, hefir verið notað til að
merkja annað).

Eg hefi einusinni séð til svertingja
frá Mið-Afríku. Margir af þeim, sem
i kring stóðu, hlógu að athæfi þeirra;
eg ekki, eg var að hugsa um, hvað
langt væri orðið síðan á steinöld og
ýmislegt þessháttar, og hvað litill væri,
að sumu leyti, munurinn á þeim sem
hlógu og hinum, sem hlegið var að.
En þar eð þessir aðhlæjendur vóru

Englendingar, á eg auðvitað ekki við
það, sem nú skal greina. Svertingj-
arnir drukku vatn, sem var nokkurn-
veginn brúnt á lit, með höndum, svo
óhreinum, að það sá þó að á svörtu
væri. Fyrir rúnum tuttugu þúsund
árum hefir ef til vill enginn maður,
svo víða sem lönd voru mönnum bygð,
verið vandari að drykk sínum en þetta.
Mönnum verður fyrr ljóst, að þeir
þurfa vatns með en lofts; það þarf
meira ímyndunarafl, æfðari meðvitund,
til að átta sig á önduninni heldur en
drekkinni; menn hugleiða fyrr galla
á drykkjarvatni en á andrúmslofti, og
enn þá er allur þorri manna ekki lengra
koninn i loftvendni, heldur en Seue-
gambíu-svertingjarnir í vatnsvendni.
Flestum virðið standa nokkurnveginn
á sama, þó að hverju þeirra andartaki
sé spilt með því að óhreinka eða jafn-
vel eitra loftið, sem þeir draga að sér,
ef ekki eru svo mikil brögð að þessu,
að menn bráðveikist. Nú er það að
vísu engin furða, þó að menn hér á
landi sé ekki svo vandir að innilofti,
þegar þess er gætt, að eina ráðið til
að verjast þeim illa óvin, kuldanum,
i ofnlausum bæjunum, var að varna
sem mest útiloftinu að komast inn.

Það var útvinnan sem bjargaði, og brekkurnar, að svo miklu leyti sem bjargað var, því að býsna margir munu þeir vera orðnir, sem dáið hafa af skemnum lungum, og brjóttveikin er ófæð gömul á landi hér, þó að lítið muni hafa verið um hana í fornöld, þegar lífsaflið var meira, og Íslendingar voru fóthvötustu menn á Norðurlöndum. Og þó að kvenfólkid æfði ekki eins iþróttir, þá naut það bæði feðra og unnusta, og ef til vill líka barna.

Maður, sem væri nógum skarpskygn og vitur, gæti af því að athuga Íslendinga, þá sem nú eru uppi, ráðið talsvert í sögu þjóðarinnar á umliðnum öldum. Og þar sem við eignum betri fornsögur, miklu, en nokkur önnur þjóð, þá gæti slikar rannsóknir hér sennilega orðið fróðlegri og nytsamlegri fyrir framfarir mannkynsins en nokkursstaðar annars á þessari viðu jörð. Og þó að þess verði sennilega langt að bíða, að rannsóknir í þessa átt verði gerðar nokkuð til hlitar, þá virðist sumt fljótséð, eins og það t. a. m. að Íslendingar nútímans muni eiga til forfedra að telja, sem yfirleitt höfðu stærri lungu, en núlifandi niðjar heirra. Á þetta virðist mér vaxtarlagið benda; á mörgum þeim Íslendingum, eða flestum, sem eg hefi séð, virðist mér brjóstholið þrengra að tiltölum ofanvert en niðurá við, og þess vegna upphlutar

lungnanna (lobi superiores) að tiltölum óþroskaðri en neðri hlutarnir. Eg ætla ekki að reyna til að útskýra, hvors vegna lungunum hafi farið meira aftur ofanverðum en að neðanverðu; en að þeim hafi farið aftur, virðist ekki erfitt að skilja, þegar lítið er til þess, er sögurnar segja af forfedrum vorum. Þeir tömdu sér frá barnsbeini, *kynslóð eftir kynslóð*, ýmislegar líkamsæfingar, ekki sízt sund og hlaup, eins og skiljanlegt er. Það hefði verið undarlega fávis maður, sem hefði ekki gert það sem hann frekast gat, til þess að verða góður að hlaupa, þar sem allir vissu, að auðveldlega gat svo að borið, að þeir ætti fótum sínum fjör að launa í áhlaupi eða á flóttu, og í vopnaviðskiftum gat líf legið við að vera sem ómæðnastur. Þegar menn hættu að leggja stund á vígfimi, sund, knattleika og að miklu leyti hlaup, þá hlutu lungun að ganga saman, einkum efstu hlutarnir, og þessi glæsilegi bolsvöxtur, líkur þeim, sem grískir myndasmíðir hafa lýst af meiri snild en síðan hefir sést, hætti að koma fram í niðjunum. Hérna kemur manni í hug það sem Goethe segir:

„Was du erbt von deinen Vätern hast,
Erwirb es um es zu besitzen.“

Til þess að eignast arfian eftir forfedur þín, verður þú sjálfur að ávinna þér hanr.

Það þarf að nota *betur* en gert er, að íslendingar eru langflestir lesandi.

II.

Með önduninni er blásið að blossa lífsins, eða svo að eg noti aðra mynd, þessi hrungiða, sem mannslikamanum hefir verið likt við. Verður með betri öndun anarari og hrindir betur frá sér því sem veikja vill og spilla. Sá sem andar vel, sefur vel og meltir vel, hefir það sem mest ríður á til að geta lifað góðu lífi. Bili eitthvað í þessum efnunum, þá verður erfidara að lifa sér og öðrum til ánægju. Um öndunina ræður viljinn meira en um svefn eða meltingu, og verði þar eitthvað að, er auðveldara aðgerðar, ef góð ráð eru í tíma tekin. En það er nú það sem vist sjaldnar er gert, og skyldi ekki fyrsta loftið sem ofan í lungun streymir á nýfæddu barni oftar vera vont en gott?

Einu sinni kom eg, sem oftar, á bæ og gekk þar til baðstofu. Var þar verið að sópa og mökk inn að sjá. Vagga stóð þar á gólf og barni i, nokkurrá vikna gamalt. Eg gæti vel tekið dæmi um slikt úr kaupstað og nær mér, en eg nefni nú þetta að gamni mínu, einnig af því að mér virtist foreldrar þessa barns bæði vera greind og vel innrætt, og ekki síður ant um velferð barna sinna en gerist. Er það vist algengt um alt Ísland bæði í kaupstöðum og í sveitum, að sópað sé gólf og á ýmsan hátt spilt andrúmsloftinu, þó að

ungbarn sé inni, og hægt væri að láta vögguna út, eins og vel hefði mátt gera þenna dag, því að veður var gott. Það er vist algengt á Íslandi, að börn komi ekki undir bert loftfyrir en einhverntíma á öðru ári, og lungun eru því frá byrjun meira eða minna veikluð, og búið í haginn fyrir brjósttæringuna. Sé nú fjallaloft úti fyrir, og brekkur, og smálmenska og önnur útivinna, þá getur með heppni örðið hraustmenni úr vöggumanninum, þó að bæði hafi hann haft svolitinn snert af brjóstveiki og af ensku sýkinni, þegar hann fór fyrst að kanna þenna merkilega heim út frá bæjardyrunum. En sé þetta nú í kaupstað, og barnið ekki nógu öflugt að upplagi, og verði atvinnan á þá leið, að litið sé um útiveru og likamsáreynslu, þá getur illa farið, og fer oft illa, og oftar en vera mundi ef menn hefðu það hugfast frá barnsaldri, hversu nauðsynlegt er að anda vel, og reyndu að spilla ekki loftinu fyrir sér óz öðrum, meir en alveg er óbjákvæmilegt sakir fátækjar og atvinnu. Og svo ætti menn að hafa það hugfast, hversu áríðandi það er fyrir þá, sem aðeins stutta stund geta verið úti á degi hverjum, að nota tímann sem best til að anda. Það kvað hafa verið sýnt með rannsókn, að maður andi að sér hérumbil tíu sinnum meira lofti þegar hann hleypur en þeg-

ar hann liggur út af; og þetta er at-riði sem menn ætti að ihuga vel; með því að hlaupa nokkrar mínútur „fjörga“ menn sig meir, ná ofan í sig meira fjörgi (oxygenium) en þó að þeir gangi hægt margfalt lengri tíma, og það er tals-vert undir því komið, að gera sér far um að anda sem bezt, inn um nefið og út um nefið aftur. Man eg eftir að J. P. Müller nefndisérstaklega þetta atriði, er eg talaði við hann um hlaup og öndun; sagði hann, að menn kvefuðust fremur ef þeir gætti þess ekki að anda út um nefið aftur. Sund er, eins og kunnugt er, framúrskarandi góð brjóst- eða lung-næfing, og eins kylfusveiflu, sem eg mintist dálitið á í greininni um Braaby og kylfur hans. Einhver bezta æfing til að hreyfa allan líkamann vel á stuttum tíma, er hlaup með armsveiflu. Ein-föld hringarmsveifla er líka afbragðs brjóstæfing, sem alt of lítið er notuð. Margir, sem of lítið hreifa sig, mundu finna mun á sér, ef þeir tæki þá æfingu eina mínútu á hverjum morgni. Eg man ekki eftir, að Müller brýni þessa æfingu sérstaklega fyrir mönnum, og furðar nærrí á því, um slikt afbragð annara fimleikamanna að viti, eins og Müller er.

Eitt verð eg að taka fram áður en eg skilst við þetta mál. Það má ekki halda, eins og ýmsum virðist hætta við, að Müller og slíkir síðbótarmenn, vilji telja mönnum trú um, að það geri ekkert til þó að þeim verði kalt, eða að

ekki þurfi að fara svo varlega með börn í þeim eftum. Virðist mér Steingrímur Matthiasson læknir hafa komist óvarlega að orði um þessi efni, í annars þakkarverðri grein í Skírni.¹⁾ Vandinn fyrir þá, sem vilja herða sig, er að fara ekki of langt, en þó sem lengst þeir geta með vatnsböð og „loftböð“ í frosti t. a. m. Einkum er vandfarið fyrir þá sem fótkaldir eru; fæturnir eru lengst frá hjartanu og blóðið kólnar þar fyrst, og kaldara blóðið frá fótunum kælir svo alt blóðið; verði of mikil brögð að þessu, koma afleiðingarnar vanalega fram í hálsveiki; er underlegt þetta samband sem er milli hálsveiki og fótakulda, og hygg eg, að margir muni af eigin athugun geta áttad sig á þessu, ef þeir vilja. Eg hygg, að það sé rétt mælt, að sá mundi vera velgjörðamaður sinnar þjóðar, sem gæti komið því til leiðar, eða eitt hvað áleiðis, að menn hræddust að láta börn fara að sofa með kalda fætur. Á Skotsborgar heilsuhælinu hafði margt fótkalt fólk þann síð, áður það fór að sofa, að dýfa fótunum í vel volgt vatn (rúm 30 stig C.) 1—2 min-útur, síðan nokkrar sekúndur í kalt vatn; og þetta stundum tvísvar eða þrisvar í röð. Perra síðan vel. Þótti þetta vel gefast.

Scripsi et liberavi animam meam.

17. 12.—15. 1.

¹⁾ 1912. Skírnir er tímarit hins íslenzka bókmentafelags. Eg hef hvergi í blöðum séð árgangsins 1912 getið ennþá.